

Leirmuna- sýning í Epal

Sýning á leirmunum eftir þessa listamenn verður opnuð kl. 10 laugardaginn 15. sept. í húsnæði verslunarinnar Epal, Síðumúla 20, Reykjavík. Sýningin verður opin frá kl. 10 — 18 alla virka daga nema þriðjudaga og föstudaga frá kl. 10 — 22 næstu þrjár vikur.

Epal sem þekkt er fyrir vandáðan, sérhannaðan húsbúnað af margvíslegu tagi vill með þessari sýningu á munum þessara kunnna listamanna minnst þess, að tvö ár eru nú liðin frá því, að verslunin tók til starfa.

Ætlunin er að listsýningar af ýmsu tagi verði í framtíðinni fastur liður í starfsemi Epal.

Lóðarhaf- ar taki þátt í skipulagi

KEJ — Á Reykjavíkurbíónum var meðal annars á vegum Þróunarstofnunar Reykjavíkur kannað viðhorf borgarbúa til þéttingar byggðar og skipulags í náinni samvinnu við lóðarhafa.

Vaðandi spurninguna hvort þétting almennt ætti rétt á sér, svöruðu 67% já, 30% nei og 3% voru óákveðnir. Vaðandi spurninguna um hin einstöku þéttingarsvæði urðu svipáðar niðurstöður.

90% þeirra er svöruðu spurningunni hvort skipulag ætti að vinnast í nánari samvinnu við lóðarhafa, voru hlyntir því, og 87% gætu vel hugsað sér að taka þátt í slíkum vinnuhópi.

Niðurstöður þessarar könnunar eru að sjálfsögðu ekki tölfræðilega marktækar, þar sem þátttaka takmarkaðist við þá sem sóttu sýninguna, og aðeins bárust svör frá hluta þeirra. Engu að síður gefa þær mikilsverða vísbendingu um jákvæðan hug borgarbúa til ofangreindra málaflökka.

Fjalla- Eyvindur í Hnífsdal

KEJ — Litli leikklúbburinn á Ísafirði frumsýndi í gærkvöld Fjalla Eyvindur í félagsheimilinu í Hnífsdal. Er þetta fyrsta frumsýningin á landinu á þessu leikári og taka 20 til 30 manns þátt í hverri sýningu.

Áð sögn Margrétar Óskarsdóttur er félagsheimilið í Hnífsdal stærsta og hentugasta húsnæðið á svæðinu til leiksýninga og má kalla allgöða aðstöðu þar eftir endurbætur sem nýlega hafa farið fram. Þá sagði hún að síðan í apríl hefði um 50 manna hópur unnið að undirbúningi leiksýningarinnar en þjóðleikhúsið hefði verið hjálplegt með búninga.

Leikstjóri Fjalla Eyvindar er Jón Júlíusson, Kristinn Daníelsson sér um lýsingu og Birgir Engilberts hefur hannað leikmynd.



Aðstandendur sýningarinnar ræða sér upp fyrir fréttaljósmyndara (Tímamynd Tryggvi)

Haustsýning FÍM hefst í dag

Á morgun, 15. september, verður Haustsýning FÍM opnuð að Kjarvalsstöðum og stendur hún fram á sunnudagskvöld

hinn 23. september. Haustsýningin er nú orðin árlegur viðburður í borginni sem kunnugt er. Að þessu sinni valdi

sýningarnefnd 133 myndverk af 258 sem henni bárust eftir 258 höfundum. Þar af eru 81 mynd-

verk eftir 26 félagum í FÍM, en 18 menn utan félagsins eiga 54 myndverk.



Félagsfundur BÍ:

Frá félagsfundinum í gær. Kári Jónasson formaður Bláðamannafélagsins í ræðustóli. (Tímamynd: G.E.)

Verkbannsaðgerðir harðlega fordæmdar

GP - Í gær var haldinn fjölmennur félagsfundur hjá Bláðamannafélagi Íslands. Á fundinum var fjallað um stöðuna í kjaramálu bláðamanna, en samningar þeirra eru nú lausir og hafa verið síðan 1. júlí í sumar.

Í ályktun sem samþykkt var á fundinum segir, að vinnubrögð þau sem Vinnuveitendasamband

Íslands viðhafði, þ.e. að boða verkbanntá félagsmenn í Bláðamannafélagi Íslands, séu fordæmd harðlega.

Þá segir: "Þetta verkbanntá er boðað án þess að þessir aðilar hafi rétt við félagið þrátt fyrir bréf þess frá 7. september, þar sem því er lýst yfir, að Bláðamannafélagið sé reiðubúið til við-

ræðna við útgefendur um framlengingu kjarasamnings. Með verkbanntáboðuninni var tilboði félagsins um framlengdan kjarasamning til áramóta hafnað."

Í lok fundarins var samþykkt að fela stjórn og samninganefnd að ganga frá kröfum vegna væntanlegra viðræðna við útgefendur.

Hringferð Sinfóniunnar:

Fullt hús alls staðar

GP/GO — Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem þessa dagana er í hljótleikaferð um landið, lék í Bifröst á Sauðárkróki sl. fimmtudagskvöld. Stjórnandi er Páll P. Pálsson, einsöngvari Ingvaldur Hjaltsted, einleik á trompet lék Lárus Sveinsson og konsertmeistari er Guðný Guðmundsdóttir.

Mikil aðsókn var að þessum tónleikum sinfóniunnar og strax og húsið var opnað byrjaði fólk að

streyma að, vitandi það að þröngt myndi setinn bekkurinn á þessu sinfóníukvöldi í Bifröst. Enda var listafólkinu forkunnarvel tekið og slapp það ekki af senunni fyrr en það hafði leikið fjögur aukalög.

Þetta er þriðja heimsókn Sinfóníuhljómsveitarinnar til Sauðárkróks síðan 1977 og kunna Skagfirðingar vel að meta slíkar heimsóknir og færa hljómsveitinni og framkvæmdastjóra hennar, Sigurði Björnssyni, kærar þakkir fyrir komuna.

Aðalfundur NAUST: Bæta þarf aðstöðu til að ferðast og fræðast um landið

GP — Fyrir skömmu var haldinn aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Austurlands — NAUST — og sóttu fundinn 75 manns.

Í NAUST eru nú um 230 einstaklingar sem félagar og 38 fyrirtæki og stofnanir sem styrktaraðilar. Á fundinum urðu verulegar breytingar á forystu félagsins. Hjörleifur Guttormsson sem verið hefur formaður samtakanna allt frá stofnun þess eða frá 1970, gaf ekki kost á sér til endurkjors og var í hans stað kosinn formaður Einar Þórarinnsson jarðfræðingur í Neskaupstað. Auk hans skipa stjórnina Anna Þorsteinsdóttir, Eyðólum, varaformaður, Sigríður Kristinsdóttir, Eskifirði, gjaldkeri, Anna Kjartansdóttir, Höfn, ritari, Magnús Hjálmarsson, Egilsstöðum, meðstjórnandi. Varamenn eru þau Guðrún A. Jónsdóttir, Hlíðum, Jón Einarsson, Neskaupstað, og Óli Björgvínsson, Djúpavogi.

Á fundinum, sem haldinn var við Snæfell, í skála Ferðafélags Fljótaldalshéraðs, voru gerðar fjölmargar samþykktir og m.a. var gerð samþykkt þess efnis að hætt yrði að sökkva gömlum skipum í sjó sem auðvelt sé að eyða með öðrum hætti. Þá voru gerðar samþykktir vaðandi skipulagningu landnotkunar með fjölþætta nýtingu og verndun í huga, um að auka þurfi skrá um náttúruminjar og vinna að fríðlýsingu þeirra svæða sem verðmætust eru og hætta stöð jar að, um að bæta þurfi aðstöðu fólks til þess að ferðast og fræðast um landið um að komast fyrir mengun frá fiskimjölsværsmiðjum o.fl.

Þá var á aðalfundi NAUST gerð samþykkt um að áriðandi sé að búið sé vel að opinberum stofnunum, svo sem Náttúruverndarráði og Heilbrigðiseftirliti ríkisins, sem lögum samkvæmt er ætlað mikið og vaxandi hlutverk á sviði umhverfismála.